

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Af hundum í Sveitarfélaginu Árborg skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 440/2013, sbr. 3. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

A) Skráning	kr. 10.565
B) Skráning eftir útrunninn frest, sbr. 1. mgr. 3. gr. samþykktar um hundahald	kr. 18.247
C) Bráðabirgðaskráning	kr. 2.454

3. gr.

Af skráðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrir hvern hund	kr. 17.180
------------------	------------

Ekki skal innheimta eftirlitsgjald sama ár og hundur er skráður.

4. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu og hundahreinsun er innifalin í gjaldi samkvæmt 2. og 3. gr.

5. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds	kr. 14.512
Önnur afhending hunds, innan tveggja mánaða	kr. 20.488
Þriðja afhending hunds, innan tveggja mánaða	kr. 26.571

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

6. gr.

Gjalddagar skv. 3. gr. eru tveir ár hvert, 1. mars og 1. september og eindagar 31. mars og 30. september. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

7. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

Hafi eigandi skráðs hunds lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af heilbrigðis- eftirliti þar sem námskeiðið er haldið er heimilt að veita 20% afslátt af gjöldum fyrir viðkomandi hund samkvæmt 3. gr. gjaldskrár þessarar.

8. gr.

Dvalar- og geymslukostnaður:

A) Verð pr. sólarhring fyrir hund	kr. 2.348
-----------------------------------	-----------

Hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni greiðslu fyrir dvalar- og geymslukostnaði.

9. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, samanber samþykkt um hundahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 440/2013, til að öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 314/2015.

Selfossi, 14. janúar 2016.

Ásta Stefánsdóttir,
framkvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar.

B-deild – Útgáfud.: 22. janúar 2016